

Ljósmyndasýning opnar

Gefið af Hrafnkell Lárusson
mánudagur, 19 janúar 2009
Síðast uppfært miðvikudagur, 21 janúar 2009

Á fimmtudaginn opnar ljósmyndasýning í Safnhúsinu á Egilsstöðum. Hún ber heitið „Til gagns og til fegurðar“. Myndirnar á sýningunni eru fengnar úr samnefndri sýningu sem var í Þjóðminjasafni Íslands fyrri hluta árs 2008. Þema „Til gagns og til fegurðar“ er útlit og klæðaburður Íslendinga á árabílinu 1860-1960.

„Til gagns og til fegurðar“ verður formlega opnuð fimmtudaginn 22. janúar kl. 17:15. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.